

Ed.

288. Tillaga til þingsályktunar

[136. mál]

um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að nú þegar, eða svo fljótt sem verða má, verði tekin upp við bændaskólana í landinu fræðsla um ræktun og eldi vatnafiska.

Greinargerð.

Með hverju ári sem líður verður mönnum það æ ljósara, hverja þýðingu það hefur, að fleiri stöðum sé rennt undir atvinnulífið í landinu. Brotið hefur verið upp á ýmsu í því efni, en eitt af því, sem til greina kemur, er ræktun og eldi vatnafiska. Viða er þessi atvinnugrein stunduð með góðum árangri, en skilyrði hér á landi fyrir lax- og silungsrækt eru talin vera í bezta lagi.

Lax- og silungsveiði í íslenskum ám og vötnum mun verða hagnýtt í vaxandi mæli með tilstyrk öflugra fiskeldis- og fiskiræktarstöðva og aukinni þekkingu veiðiréttareigenda og veiðimanna á undirstöðuatriðum ræktunar vatnafiska, eldis þeirra og háttum öllum.

Fiskiræktarstöðvar eru hér í uppsiglingu og undirbúningi á nokkrum stöðum, og er þegar hundið í þeim nokkurt fjármagn. Að sjálfsögðu þarf að stuðla að því, að þeim fjölgi og að starfræksla þeirra komi að fullum notum. Það er ekki tilgangur nefndarinnar með flutningi þessarar tillögu að hafa að neinu ráði áhrif á rekstur þeirra, enda er í endurskoðun löggjöf um fiskiræktarstöðvar, löggjöf, sem ætlað er að styðja uppbyggingu stöðvanna og tryggja árangurinn af starfsemi þeirra betur en nú er gert.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, mun hins vegar stuðla að því, að þeir, sem bændaskólana sækja, fái fræðslu um þýðingu þessarar atvinnugreinar fyrir íslenskan landbúnað og þá um leið fyrir íslenskt atvinnulíf. Það verður að teljast mjög þýðingarmikið, að þeir menn, sem skólana sækja og ætla má að verði annað tveggja eigendur veiðiréttar í landinu og annarrar aðstöðu fyrir fiskirækt eða leiðbeinendur og ráðunautar bænda, þekki niðurstöður þeirra vísindalegu tilrauna, sem fengizt hafa varðandi þessa þýðingarmiklu búgrein.

Líklegt má telja, að við framkvæmd þessarar tillögu þurfi ekki að koma til beinna fjárútláta, ef samvinna verður höfð við Veiðimálastofnunina og starfskraftar hennar nýttir við þá fræðslu, sem hér er gert ráð fyrir að koma á.